

Pingskjal 3

Samþykkt m meiri hluta atkvæða

Pingskjal 4

Mjög skiptar skoðanir og miklar umræður.

Mögulegt að tillagan auki flækjustig fyrir mótshaldara.

Núverandi fyrirkomulag þykir hafa komið því til skila að keppendur raðist í rétta flokka.

Mótshaldarar hafa val varðandi notkun á keppnisgreinum.

Nefndin óttast að þó að tillagan verði samþykkt þá verði hún ekki framkvæmd.

Margir í nefndinni óttast að fá of fáar skráningar í greinar. Þegar sé erfitt að fá nægilega margar skráningar, því fráleitt að fjölga greinum

Ákvörðun um tillögu 4 frestað, á meðan að beðið er eftir breytingatillögu.

Breytingatillaga lögð fram frá hluta fundamanna úr keppnisnefnd.

Var: 61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. – 13. október 2018, samþykkir að mótshaldarar geti boðið upp á allar keppnisgreinar innan hvers styrkleikaflokks og í því sambandi breytingar á grein 4.2 í lögum og reglum LH.

Grein 4.2 Styrkleikaskipting fullorðinsflokks, meistaraflokkur. Breytingin er feitletruð og undirstrikuð:

Er: „Meistaraflokkur: Í meistaraflokki skulu notaðar hringvallargreinar þar sem keppendur eru einir inn á vellinum í einu; T1, T2, V1 og F1. Þar mega allir taka þátt og er hann hugsaður fyrir reynt keppnisfólk. Keppandi má einungis keppa í einum flokki, þ.e. 3. flokki, 2. flokki, 1. flokki eða meistaraflokki á sama móti.“

*Verður: „Meistaraflokkur: Í meistaraflokki skulu notaðar hringvallargreinar þar sem keppendur eru einir inn á vellinum í einu; T1, T2, V1 og F1, **sem og fleiri greinar**. Þar mega allir taka þátt og er hann hugsaður fyrir reynt keppnisfólk. Keppandi má einungis keppa í einum flokki, þ.e. 3. flokki, 2. flokki, 1. flokki eða meistaraflokki á sama móti.“*

Verður: 61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. – 13. október 2018, samþykkir að mótshaldarar geti boðið upp á allar keppnisgreinar innan hvers styrkleikaflokks og í því sambandi breytingar á grein 4.2 í lögum og reglum LH.

Grein 4.2 Styrkleikaskipting fullorðinsflokks, meistaraflokkur. Breytingin er feitletruð og undirstrikuð:

Er: „Meistaraflokkur: Í meistaraflokki skulu notaðar hringvallargreinar þar sem keppendur eru einir inn á vellinum í einu; T1, T2, V1 og F1. Þar mega allir taka þátt og er hann hugsaður fyrir reynt keppnisfólk.

Keppandi má einungis keppa í einum flokki, þ.e. 3. flokki, 2. flokki, 1. flokki eða meistaraflokki á sama móti.“

Verður: „Knapar sem keppa í meistaraflokk geta keppt með nýja hesta í flokk en verða að færa sig strax upp um leið og þeir hafa náð lágmörkum sem tilgreind eru hér fyrir neðan. T3 7.10 V3 7.0 F3 6.7 T4 6.8. Einnig er áhugamönnum sem keppa í fyrsta flokk heimilt að keppa í meistaraflokk með annan hest.“

Umræða skapast og ólík sjónarmið.

Breytingartillaga felld.

Kosning um þingskjal númer 4. *Þingskjal nr 4 samþykkt.*

Þingskjal 11 – umræða tekið saman m þingskjali 4

Miklar umræður og ólík sjónarmið komu fram.

Að lokum kom fram breytingartillaga frá hestamannafélaginu Geysi á þingskjali nr 11. Hestamannafélagið leggur eftirfarandi til: Keppnisnefnd Landsþings samþykkir að vísa þingskjali 11 áfram til millipinganefndar til áframhaldandi umfjöllunar og skal hún koma með tillöguna fullmótaða fyrir næsta Landsþing LH.

Breytingartillaga frá keppnisnefnd landsþings: *Millipinganefnd breytt í keppnisnefnd.* Tillagan er samþykkt.

“Keppnisnefnd Landsþings samþykkir að vísa þingskjali 11 áfram til keppnisnefndar LH til áframhaldandi umfjöllunar og skal hún koma með tillöguna fullmótaða fyrir næsta Landsþing LH.”

Þingskjal 11 samþykkt.

Þingskjal nr 5

Fólk almennt sammála.

Þingskjal númer 5 samþykkt.

Þingskjal nr 6

Fundarmenn sammála um að þingskjalið sé nokkuð flókið.

Flestir sammála um að það eigi ekki að vera með léttari greinar á Íslandsmóti, enda eigi bara að vera einn Íslandsmeistari í hverjum flokki í hverri grein.

Samþykkt af fundargestum að leggja til hvern lið þingskjalsins fyrir sig að kjósa um hvern fyrir sig og tillagan afgreidd þannig.

5.1. Var skipt upp í tvo liði og tillagan afgreidd þannig.

5.1. A.tillögu vísað frá vegna þess að það er ekki heimild til lagabreytingar. Skila þarf lagabreytingatillögum inn minnst 14 dögum f Landsþing.

5.1.B. Samþykkt.

5.2. Tillagan er samþykkt með meiri hluta atkvæða.

5.3. Tillagan samþykkt

5.4. Tillagan samþykkt

5.5. Samþykkt

5.6. Óbreytt

5.7. Óbreytt

5.8. Óbreytt

5.9. Óbreytt

Fundarstjóri leggur fram þingskjalið með áorðnum breytingum. *Þingskjalið er samþykkt.*

Þingskjal nr 7

Breytingatillaga:

Gæðingafimi hefur verið að ryðja sér til rúms sem ný og áhugaverð keppnisgrein. Auðvelt er að getuskipta greininni, sem er hvati fyrir nýja keppendur að spreyta sig en einnig fyrir knapa í fremstu röð.

Nauðsynlegt er að samræmi sé á milli mótshaldara þegar boðið er upp á greinina á mótum.

Fulltrúar eftirtalinnna skulu eiga sæti í starfshópi þessum: Félag tamningamanna, Hestaíþróttadómarafélag Íslands, Gæðingadómarafélag LH, tölvunefnd LH, keppnisnefnd LH og Háskólans á Hólum.

Breytingatillagan samþykkt

Þingskjal nr 7 samþykkt m breytingatillögu

Þingskjal nr 8

Umræða skapaðist. Skiptar skoðanir. Umræða um hvernig reglunni er framfylgt hingað til.

Kosning um þingskjalið. Tillaga í þingskjali nr 8 er felld.

Þingskjal nr 9

Tillaga um að endurnefna grein 7.7.4.4. þannig að hún heiti nú B-flokkur ungmenna.

Við bætist ný grein 7.7.4.5. sem myndi heita A-flokkur ungmenna. Riðnir skulu þrír hringir og sýnt fet, tölt, brokk, stökk og skeið. Heimilt er að sýna skeið einu sinni á 175 m langri braut, sbr ákvæði 7.4.3. Einfalt vægi yrði á vilja, fegurð í reið, tölti og skeiði.

Tillagan samþykkt.

Þingskjal nr 13

Orðinu hestum breytt í keppendum

..... Til viðbótar þeim keppendum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í ~~A og B flokki~~ **öllum flokkum** í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum úrtökur hjá sínum félögum, þátttökurétt á landsmóti. Við lok skráningarfrests á landsmót skal keppnisnefnd fara yfir skráningar og stöðulista og tilkynna þeim sem í hlut eiga um þátttökurétt.

Tillagan samþykkt með breytingatillögu.

Þingskjal nr 17

Tillaga var gerð að því að ályktun yrði send til dómarafélagsins til að fylgjast vel með þessum málum. Hún var samþykkt.